

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 15. nóvember 2023.

Mál nr. 704/2023:

**A**

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

**gegn**

**B skiptastjóra**

(sjálfur)

**Lykilorð**

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Atvinnurekstrarbann.

**Útdráttur**

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem A var gert að sæta atvinnurekstrarbanni í þrjú ár. Málið var höfðað af skiptastjóra þrotabús C ehf. en A var fyrirvarmaður félagsins og eini eigandi þess. Í úrskurði héraðsdóms sem staðfestur var í Landsrétti með vísan til forsendna kom fram að um ábyrgð A færi eftir lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994. Af gögnum málsins yrði ekki ráðið að A hefði á þeim tíma er hann rak félagið freistað þess að færa rekstur þess í rétt horf heldur þvert á móti séð til þess að fjármunir sem voru á reikningum félagsins rynnu til hans sjálfs í formi tekna og óútskýrðra greiðslna. Var A talinn hafa með vítaverðum hætti virt að vettugi skyldur sínar sem fyrirvarmaður C ehf. og í ljósi þess væru skilyrði 181. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 uppfyllt til þess að lagt yrði á hann atvinnurekstrarbann.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 26. október 2023. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 9. nóvember sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. október 2023 í málinu nr. X-[...]/2023 þar sem sóknaraðila var gert að sæta atvinnurekstrarbanni í þrjú ár frá uppkvaðningu úrskurðarins. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.
- Sóknaraðili krefst þess að kröfu varnaraðila um að hann skuli sæta atvinnurekstrarbanni verði hafnað en til vara að því verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærumálskostnaðar.

## Niðurstaða

- 4 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- 5 Samkvæmt 2. og 3. mgr. 188. gr. laga nr. 21/1991 ber að ákvarða skiptastjóra þóknun vegna kröfu um atvinnurekstrarbann sem greiðist úr ríkissjóði. Verður hún ákveðin 434.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti vegna meðferðar málsins fyrir Landsrétti. Með sama hætti og með vísan til 1. mgr. 186. gr. laganna verður þóknun skipaðs málsvara sóknaraðila ákveðin 434.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti sem greiðist úr ríkissjóði.
- 6 Sóknaraðila verður gert að greiða 868.000 krónur kærumálskostnað, sem renni í ríkissjóð, sbr. seinni málslíð 2. mgr. 186. gr. laga nr. 21/1991.

## Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, A, greiði 868.000 krónur í kærumálskostnað sem renni í ríkissjóð.

Þóknun skipaðs málsvara sóknaraðila, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, fyrir Landsrétti, 434.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Þóknun varnaraðila, B skiptastjóra, fyrir Landsrétti, 434.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

## Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. október 2023

1. Með bréfi, dags. 17. febrúar 2023, sem barst dóminum þann sama dag, krafðist sóknaraðili, B, skiptastjóri þb. C ehf., [...], Reykjavík, þess að lagt yrði atvinnurekstrarbann á varnaraðila, A, [...], Kópavogi.
2. Sóknaraðili vísar um kröfu sína til þess að skiptastjóri skuli samkvæmt fyrir mælum 180. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, sbr. 1. gr. laga nr. 133/2022, krefjast þess að lagt verði atvinnurekstrarbann á þann sem komið hefur að stjórnun félags á síðustu 18 mánuðum fyrir frest dag telji hann skilyrði 181. gr. laganna uppfyllt. Skiptastjóri telji svo vera í þessu tilviki.
3. Í kröfu sóknaraðila kemur fram að hann hafi verið skipaður skiptastjóri C ehf. 2. nóvember 2022, er félagið var tekið til skipta. Frestdagur við skiptin sé 10. ágúst 2022. Félagið hafi verið stofnað þann [...] 2021. Fyrirsvarismaðurinn hafi verið einn eigandi allra hluta í félaginu. Tilgangur þess hafi verið „[...]“.
4. Sóknaraðili styður kröfu sína þeim rökum að samkvæmt kröfulýsingu Skattsins sé ljóst að félagið hafi ekki greitt þing- og sveitarsjóðsgjöld, staðgreiðslu launagreiðanda og virðisaukaskatt. Fjárhæð kröfulýsingar Skattsins nemi 274.444.497 krónum. Þá hafi ársreikningi fyrir rekstrarárið 2021 ekki verið skilað, í andstöðu við lög um ársreikninga nr. 3/2006, og telur skiptastjóri framangreint kunna að varða refsíabýrgð og fésektum. Þá kveður skiptastjóri yfirferð á bankareikningum félagsins hafa leitt í ljós að varnaraðili hafi tekið út af bankareikningum félagsins að minnsta kosti 215.557.000 krónur og lagt inn á persónulega bankareikninga sína. Á sama tíma hafi félagið ekki greitt lögbundin gjöld. Fjárhæð lýstra krafna í þrotabúið nemi samtals 308.697.473 krónum og fyrirsjáanlegt að ekkert muni fást greitt upp í lýstar kröfur. Kveðst skiptastjóri telja framangreindar úttektir af bankareikningi og innlögn á persónulega reikninga varnaraðila geta falið í sér brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem fjárdráttur og/eða skilasvik sem og brot gegn ákvæðum laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Skiptastjóri kveðst hafa, í samráði við kröfuhafa, krafist kyrrsetningar á bankareikningum varnaraðila. Sýslumaður hafi fallist á þá kröfu í

fyrirtöku 10. nóvember 2022, en þær fjárhæðir sem millifærðar höfðu verið inn á bankareikninga varnaraðila hafi þá ekki lengur verið þar að finna. Þar sem aðeins litlar sem engar innstæður hafi þá verið á bankareikningunum hafi kyrrsetning verið felld niður. Skiptastjóri kveðst hafa óskað eftir bókhaldsgögnum félagsins samkvæmt 3. mgr. 87. gr. gþl. en varnaraðili hafi ekki afhent það. Varnaraðili hafi neitað að mæta til skýrslutöku hjá skiptastjóra nema honum yrðu afhent tiltekin gögn úr þrotabúinu, sem skiptastjóri hafi synjað. Varnaraðili hafi eftir nokkrar tilraunir mætt til skýrslutöku gegnum Teams-fjarfundarbúnað, en aftengt sig eftir fyrstu spurningu skiptastjóra. Kveðst skiptastjóri þó að endingu hafa náð að taka skýrslu af varnaraðila, sem hafi ekki verið samvinnuþýður. Skiptastjóri vísar til þess að varnaraðili sem stjórnarmaður og prókúruhafi félagsins hafi haft boðvald gagnvart starfsmönnum og farið með alla stjórn félagsins. Þá hafi varnaraðili ekki gripið til neinna aðgerða sem skiptastjóra sé kunnugt um til að varna tjóni. Þá kemur fram að varnaraðili hafi staðið í fyrirtækjarekstri um langt skeið og félög sem hann hefur verið í fyrirsvari fyrir verið lýst gjaldþrota, auk þess sem hann hafi verið dæmdur til refsingar vegna rekstrar þeirra félaga. Í kröfu skiptastjóra eru talin þau gjaldþrota félög sem varnaraðili hefur komið að og skiptastjóri kveðst kunnugt um. Þau eru eftirtalin:

- I. D ehf., sem var úrskurðað gjaldþrota 26. október 2011. Varnaraðili var stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins. Skiptum var lokið á grundvelli 155. gr. gþl., þar sem ekkert fékkst upp í lýstar kröfur að fjárhæð 59.203.347 krónur. Varnaraðili var jafnframt sakfelldur fyrir refsiverð athæfi við störf sín sem fyrirsvarsmaður félagsins, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-[...]/2012.
  - II. Byggingafélagið E ehf. Varnaraðili var stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins sem var úrskurðað gjaldþrota 29. apríl 2015. Skiptum var lokið á grundvelli 155. gr. gþl. þar sem ekkert fékkst upp í lýstar kröfur að fjárhæð 12.247.426 krónur. Varnaraðili var jafnframt sakfelldur fyrir refsiverð athæfi við störf sín sem fyrirsvarsmaður þess félags með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-[...]/2018.
  - III. F ehf. Varnaraðili var framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins sem var úrskurðað gjaldþrota 30. mars 2016. Skiptum var lokið á grundvelli 155. gr. gþl. þar sem ekkert fékkst upp í lýstar kröfur að fjárhæð 18.288.898 krónur. Varnaraðili var jafnframt sakfelldur fyrir refsiverð athæfi við störf sín sem fyrirsvarsmaður þess félags með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-[...]/2018.
  - IV. G ehf. Varnaraðili var stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins sem var úrskurðað gjaldþrota 4. janúar 2017. Skiptum var lokið á grundvelli 155. gr. gþl. þar sem ekkert fékkst upp í lýstar kröfur að fjárhæð 9.330.926 krónur. Varnaraðili var jafnframt sakfelldur fyrir refsiverð athæfi við störf sín sem fyrirsvarsmaður þess félags með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-[...]/2018.
  - V. H ehf. Varnaraðili var stjórnarmaður þess félags sem var úrskurðað gjaldþrota 19. janúar 2017. Skiptum var lokið á grundvelli 155. gr. gþl. þar sem ekkert fékkst upp í lýstar kröfur að fjárhæð 10.102.464 krónur.
  - VI. I ehf. Varnaraðili var stjórnarmaður félagsins sem var úrskurðað gjaldþrota 19. apríl 2017. Skiptum var lokið á grundvelli 155. gr. gþl. þar sem ekkert fékkst upp í lýstar kröfur að fjárhæð 17.012.354 krónur. Varnaraðili var jafnframt sakfelldur fyrir refsiverð athæfi við störf sín sem fyrirsvarsmaður þess félags með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-[...]/2018.
  - VII. J ehf. Varnaraðili var stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins sem var úrskurðað gjaldþrota 30. september 2021. Skiptum var lokið á grundvelli 155. gr. gþl. þar sem ekkert fékkst upp í lýstar kröfur að fjárhæð 8.895.832 krónur.
  - VIII. K ehf. Varnaraðili var stjórnarmaður og prókúruhafi félagsins sem var úrskurðað gjaldþrota 6. desember 2021. Skiptum var lokið á grundvelli 155. gr. gþl. þar sem ekkert fékkst upp í lýstar kröfur að fjárhæð 83.795.374 krónur.
5. Sóknaraðili kveður ljóst að félög sem varnaraðili hafi sem fyrirsvarsmaður stýrt og/eða átt hafi ítrekað verið úrskurðuð gjaldþrota með tilheyrandi tjóni fyrir kröfuhafa. Að auki hafi varnaraðili ítrekað verið

- dæmdur fyrir refsiverða háttsemi í tengslum við rekstur félaga. Telur sóknaraðili að fyrri aðkoma varnaraðila að rekstri félaga, sem hafi ítrekað verið tekin til gjaldþrotaskipta, eigi að hafa verulegt vægi við mat á því hvort atvinnurekstrarbann verði lagt á varnaraðila. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-[...]/2018. Kveður sóknaraðili til staðar skilyrði 1. mgr. 181 gr. gþl. til þess að lagt verði atvinnurekstrarbann á varnaraðila.
6. Kröfu sína um þóknun og greiðslu útlagðs kostnaðar úr ríkissjóði styður sóknaraðili við 188. gr. gjaldþrotalaga.
  7. *Varnaraðili* krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá dómi en til vara að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Til þrautavara er þess krafist að atvinnurekstrarbanni verði markaður skemmri tími. Þá gerir varnaraðili kröfu um þóknun til handa lögmanni sínum úr ríkissjóði.
  8. Varnaraðili kveðst hafa verið stofnandi, stjórnarmaður og prókúruhafi C ehf., sem stofnað var [...] 2021. Félagið hafi unnið að [...]. Félagið hafi frá öndverðu sinnt stórum verkefnum sem varnaraðili hafi boðið í fyrir hönd félagsins og þá iðulega sem undirverktafi. Tekur varnaraðili sem dæmi að starfsmenn félagsins hafi unnið að [...] í [...], [...] í [...], unnið við [...] o.fl. Þegar mest var hafi 24 [...] starfað hjá félaginu og kveðst varnaraðili vera [...]. Rekstur félagsins kveður varnaraðili frá öndverðu hafa verið erfiðan. Kveðst varnaraðili hafa boðið of lágt verð í verkefni, þannig að þrátt fyrir mikil umsvif, góða verkefnastöðu og mikla veltu hafi framlegð úr verkefnunum ekki verið næg til þess að standa skil á öllum rekstrarkostnaði og opinberum gjöldum þeim tengdum. Launakostnaður og kostnaður við aðföng hafi reynst talsvert hærri en varnaraðili hafi gert ráð fyrir í sínum áætlunum og því hafi farið svo sem raun ber vitni.
  9. Varnaraðili byggir málatilbúnað sinn á því að atvinnurekstrarbann feli í sér refsikennd viðurlög. Hin nýju ákvæði gjaldþrotalaga um heimild til álagningar atvinnurekstrarbanns, sem til umfjöllunar eru í málinu, séu til fyllingar 4. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og algerlega sambærileg við atvinnurekstrarbann samkvæmt því ákvæði þótt viðurhlutaminna sé. Um mat á því hvort um refsikennd viðurlög sé að ræða beri að líta til svokallaðra Engel-viðmiða, sem Mannréttindadómstóll Evrópu hafi frá árinu 1976 notast við í þeim tilgangi og við beitingu reglunnar um bann við tvöfaldri refsimeðferð (ne bis in idem). Mat á því hvort um refsikennd viðurlög sé að ræða sé ekki undir sjálfðæmi löggjafans komið. Við það mat þurfi samkvæmt nefndum Engel-viðmiðum að líta til þess hvernig sú háttsemi sem um ræðir sé heimfærð og skilgreind að landsrétti, hvert sé raunverulegt eðli háttseminnar og hversu þungbær viðurlögin séu fyrir viðkomandi einstakling. XXVI. kafli laga um gjaldþrotaskipti hafi ekki að geyma neina skilgreiningu á því til hvaða tegundar viðurlaga atvinnurekstrarbannið skuli teljast. Banninu sé einfaldlega lýst í 2. mgr. 180. gr. laganna án þess að fjallað sé um eðli þess. Varnaraðili telur að túlkun og beiting XXVI. kafla gjaldþrotaskiptalaganna skuli líta sömu reglum og eigi við um refsíákvæði og að beiting ákvæða þessara geti haft sömu réttarverkan og refsíákvæði. Þá kveður varnaraðili það að atvinnurekstrarbann feli í sér refsikennd viðurlög skipta máli hvað varði gildistöku laganna. Breytingarlög nr. 133/2022 við gjaldþrotalögin hafi tekið gildi 6. janúar 2023, sbr. birtingu í A-deild Stjórnartíðinda. Lögin fjalli ekki um það sérstaklega til hvaða háttsemi í tíma lögin taki. Í ljósi þess að lögin leggi skyldur á herðar skiptastjóra gjaldþrotabús, sem er undir skiptum, geti hin nýju ákvæði ekki tekið til stjórnenda þrotabúa þar sem skiptum sé lokið. Þá vísar varnaraðili til 69. gr. stjórnarskrárinnar, um bann við afturvirkni refsíákvæða. Ámælisverðir stjórnarhættir, sem hafðir voru frammi fyrir gildistöku laganna, sem ekki voru þá þegar refsiverðir eða gátu leitt til atvinnurekstrarbanns á grundvelli 4. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, geti ekki orðið grundvöllur atvinnurekstrarbanns á grundvelli ákvæða gjaldþrotaskiptalaga. Sömu sjónarmið eigi við um það viðmið að einstaklingur hafi ítrekað komið að stjórnun félaga sem tekin hafi verið til gjaldþrotaskipta, þ.e. hvort slíkt háttsemi geti haft „ítrekunaráhrif“ eftir 181. gr. gþl. Þá geti lögin ekki tekið til atvika sem áttu sér stað fyrir birtingu laganna, enda ekki kveðið á um það í lögnum sjálfum.
  10. Varnaraðili byggir kröfu sína um frávisun á þeim málsástæðum að erfitt sé að henda reiður á því hvaða háttsemi varnaraðila það er sem sóknaraðili telji varða atvinnurekstrarbanni. Enga heimfærslu sé að sjá undir þau viðmið sem nefnd séu í greinargerð með breytingarlögum nr. 133/2022 við gjaldþrotalögin.
  11. Hvað kröfu varnaraðila um að kröfu sóknaraðila um atvinnurekstrarbann verði hafnað kveðst varnaraðili byggja á eftirfarandi rökum: Kröfulýsing Skattsins beri það með sér að um áætlanir sé að ræða að öllu eða

að mestu leyti. Þá beri framlögð kröfuskra með sér að ekki hefur verið tekin afstaða til kröfu Skattsins á hendur C ehf. Ósamþykkt krafa sem byggja á áætlunum geti augljóslega ekki orðið grundvöllur hinna refsikenndu viðurlaga að svipta fyrirsvarsmann félags rétti til þess að stjórna félagi. Varnaraðili leggur á það áherslu að skv. 4. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga geta refsiverð vanhöld á greiðslu skatta valdið sambærilegu atvinnurekstrarbanni og kveðið er á um í hinum nýja XXVI. kafla gbl., en slíkt verði aðeins kveðið á um í sakamáli. Hin nýju ákvæði gjaldþrotalaga kveði á um að teljist einstaklingur vera óhæfur til að stýra hlutafélagi vegna óverjandi eða skaðlegra viðskiptahátta við stjórnun félags megi svipta hann rétti til að stjórna félagi. Vanskil á sköttum séu ekki talin upp sem dæmi um slíka stjórnarhætti. Varnaraðili kveðst byggja á því að hin nýju ákvæði séu ófullnægjandi réttarheimild til þess að ætluð vanskil á sköttum geti valdið slíkum refsikenndum viðurlögum sem atvinnurekstrarbann er. Ljóst sé að órannsókuð og óstaðfest vanskil á sköttum geti ekki verið refsinnæm með afturvirkum hætti. Þá byggir varnaraðili á því að sóknaraðili sé of fljótur að afgreiða hreyfingar af reikningum C yfir á persónulega reikninga varnaraðila og reiðufjárúttektir sem fjárdrátt eða skilasvik. Skattframtöl varnaraðila beri með sér að af þeim 215.557.000 krónum sem varnaraðili færði á sig hafi 55.547.892 krónur verið launagreiðslur fyrir árið 2022 og að árið 2021 hafi félagið greitt varnaraðila 15.500.000 krónur í laun. Auk þessara 70.000.000 króna hafi verið greidd launatengd gjöld. Þá hafi varnaraðili ekki einvörðungu tekið reiðufé út af reikningum félagsins heldur einnig sínum eigin reikningum, til þess að gera upp við verktaka og birgja. Þá kveður varnaraðili framlagða yfirlýsingu L hjá M ehf. vera til staðfestingar á því að bókhald hafi verið fært fyrir félagið, a.m.k. að einhverju leyti. Þá mótmælir varnaraðili því að hann hafi ekki gripið til ráðstafana til að bjarga félaginu og varna tjóni. Varnaraðili hafi gætt þess til hins ýtrasta að standa skil á launum starfsmanna. Hann hafi reynt að ná samningum við Skattinn um greiðsludreifingu og áætlun. Þá hafi hann stýtt vinnudaga starfsmanna úr 10 tímum í 8 tíma á dag og tekið úr vinnu á laugardögum til að draga úr launakostnaði, án þess að það bitnaði á framvindu verkefna. Þá hafi hann freistað þess að fá annars konar skammtímaverkefni sem gæfu meiri framlegð en að þau verkefni sem þannig fengust hafi ekki reynst nægilega mikil í veltu svo unnt væri að afstýra þroti. Þá kveðst varnaraðili byggja á því að það að hafa komið að rekstri margra félaga með takmarkaða ábyrgð sé ekki eiginlegt „kennitölulflakk“ eins og það er skilgreint í greinargerð með frumvarpi til breytingarlaga nr. 133/2022 við gjaldþrotalögin. Þau viðmið sem þar eru sett eigi ekki við. Sú háttsemi að hafa komið að mörgum félögum sem hafi farið í þrot hafi ekki verið lýst refsiverð eða leitt til viðurlaga, hvort sem þau eru refsikennd eða hrein stjórnvaldsviðurlög, fyrr en með lögum nr. 133/2022. Ekki sé unnt að kveða á um refsinnæma háttsemi eða ólögmæti með afturvirkum hætti.

12. Við upphaf aðalmeðferðar málsins 1. september sl. gaf varnaraðili skýrslu og var málið tekið til úrskurðar að loknum málflutningi. Úrskurður var kveðinn upp í málinu 27. september sl. Þann 3. október sl. sendi málsvari varnaraðila dóminum kæru til Landsréttar, dagsetta þann sama dag. Í framhaldi af því ákvað dómari, eftir heimild í 1. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991, að fella hinn kærða úrskurð úr gildi þar sem ekki hafði verið gætt að áskilnaði 186. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 133/2022 um ákvörðun þóknunar málsvara þess sem krafa um atvinnurekstrarbann beinist að. Var því boðað til þinghalds í málinu 10. október sl. Lögmenntöldu ekki þörf á endurflutningi málsins og lögðu málið í úrskurð að nýju. Var málið tekið til úrskurðar að því loknu.

#### *Niðurstaða*

13. Í 180. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 133/2022, er kveðið á um skyldu skiptastjóra til þess að krefjast þess við gjaldþrotaskipti á hlutafélagi eða einkahlutafélagi að lagt verði atvinnurekstrarbann á þann sem komið hefur að stjórnun gjaldþrota félags á síðustu 18 mánuðum fyrir frestdag telji hann skilyrði 181. gr. laganna uppfyllt. Sama á við um þann sem komið hefur að stjórnun samlagsfélags og ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess.
14. Skilyrði atvinnurekstrarbanns samkvæmt nefndri 181. gr. er að viðkomandi einstaklingur teljist ekki hæfur til að stýra félagi sem rekið er með takmarkaðri ábyrgð eigenda vegna skaðlegra eða óverjandi viðskiptahátta við stjórnun félags. Við mat á því hvort atvinnurekstrarbann skuli lagt á skal m.a. litið til hlutverks viðkomandi við stjórnun félags sem og aðstæðna í heild sinni, þar á meðal til hvaða ráðstafana

hefur verið gripið til að varna tjóni. Þá er við framangreint mat heimilt að líta til athafna hlutaðeigandi einstaklings fyrir það tímamark sem um getur í 180. gr. laganna.

15. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að breytingarlögum nr. 133/2022 á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 kemur fram að tilgangur laganna sé að sporna við misnotkun á hlutafélagiforminu. Mikilvægt sé að horfa til þess grundvallaratriðis að tilgangur atvinnurekstrarbanns sé ekki refsing heldur að vernda almenning og samfélagið í heild fyrir misnotkun á hlutafélagiforminu. Ákvæði frumvarpsins séu samin með undirliggjandi almannahagsmuni að leiðarljósi. Mikilvægt sé að atvinnurekstrarbanni sé aðeins beitt vegna alvarlegri tilvika og að ekki sé þrengt að frumkvöðlastarfsemi eða dregið úr hvata einstaklinga til að taka þátt í atvinnurekstri. Flest félög með takmarkaðri ábyrgð séu rekin í góðri trú og tekin til gjaldþrotaskipta af ástæðum sem ekki verður við ráðið. Þegar kennitölufلاكk eigi sér stað gegni öðru máli. Annars vegar geti sá ásetningur verið fyrir hendi frá upphafi að fara á svig við eða gegn lagareglum. Þá séu gjarnan litlar eða engar eignir í félagi frá upphafi og tilgangur fyrst og fremst að misnota hlutafélagiformið. Þetta sé alvarlegasta tegund kennitölufلاكks. Hins vegar geti verið um það að ræða að félag í greiðsluerfiðleikum sé rekið í þrot og eignir færðar að hluta eða öllu leyti í annað félag á undirverði eða án endurgjalds. Þessi tilvik séu þau sem nauðsynlegt sé að tryggja almannahagsmuni fyrir. Mikilvægt sé að ákvörðun um hvort atvinnurekstrarbann skuli lagt á grundvallist á heildarmati á öllum aðstæðum og sé til þess fallin að ná tilgangi sínum.
16. Lög nr. 133/2022 um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 voru samþykkt á Alþingi 16. desember 2022 og skyldu lögin samkvæmt efni sínu þegar taka gildi. Lögin voru birt í A-deild Stjórnartíðinda 6. janúar 2023 og miðast réttaráhrif þeirra því við þann dag, sbr. ákvæði 8. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Samkvæmt 180. gr. gjaldþrotaskiptalaga, sbr. 1. gr. laga nr. 133/2022, skal skiptastjóri, við skipti á hlutafélagi eða einkahlutafélagi, krefjast þess að lagt verði atvinnurekstrarbann á þann sem komið hefur að stjórnun félagsins á síðustu 18 mánuðum fyrir frestdag, enda telji hann skilyrði til þess samkvæmt 181. gr. laganna. Bú C ehf. var úrskurðað gjaldþrota 2. nóvember 2022 og er frestdagur við skiptin 10. ágúst 2022. Fyrir liggur að félagið var stofnað [...] 2021. Liggur því fyrir að háttsemi varnaraðila sem stjórnanda og fyrirsvarsmanns C ehf. fellur öll undir það tímabil sem tiltekið er í lögunum. Þá verður og til þess litið að sú háttsemi varnaraðila sem skiptastjóri vísar til í greinargerð sinni fer gegn öðrum eldri lögum, svo sem lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um bókhald nr. 145/1994, lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og eftir atvikum ákvæðum laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Með vísan til alls framangreinds verður hafnað málsástæðum og kröfum varnaraðila sem lúta að því að hin nýju ákvæði XXVI. kafla gjaldþrotaskiptalaga taki ekki til háttsemi varnaraðila við rekstur C ehf.
17. Í greinargerðinni kemur fram að sambærileg úrræði og atvinnurekstrarbann sé að finna í löggjöf á Norðurlöndunum. Ákvæði um atvinnurekstrarbann hafi verið sett í dönsk gjaldþrotaskiptalög árið 2014 og við samningu ákvæðis 1. mgr. 181. gr. laga um gjaldþrotaskipti hafi verið sérstaklega litið til 1. mgr. 157. gr. dönsku gjaldþrotaskiptalaganna. Þá er og fjallað um ákvæði XVIII. kafla norsku gjaldþrotaskiptalaganna, en samkvæmt þeim getur dómstóll lagt atvinnurekstrarbann á einstakling ef grunur er um refsiverðan verknað í tengslum við gjaldþrot eða verknaður hefur leitt til gjaldþrots eða einstaklingur telst vanhæfur til að stofna eða stýra félagi með takmarkaða ábyrgð vegna óverjandi viðskiptahátta. Nær það bann til stjórnarmanna, varamanna í stjórn eða framkvæmdastjóra félags með takmarkaða ábyrgð, sem skráðir hafa verið opinberri skráningu innan við ári fyrir gjaldþrot. Sama á við um þá sem í raun hafa gegnt slíkum stöðum. Þessar lagareglur í norrænum rétti eiga sér lengri sögu en ákvæði íslenskra laga sem hér er um að véla og á beitingu þeirra hefur m.a. reynt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Í ákvörðun Mannréttindadómstólsins 1. febrúar 2007 í máli nr. 12277/04, Yngvar Storbráten gegn Noregi, var fjallað um það hvort sakfelling manns í refsímáli, ári eftir að hann hafði verið úrskurðaður í atvinnurekstrarbann samkvæmt 142. gr. norsku gjaldþrotaskiptalaganna, færi gegn reglu 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu (ne bis in idem reglu). Byggði niðurstaða dómsins á því að atvinnurekstrarbann væri í eðli sínu einkamálaréttarlegt úrræði sem hefði það markmið að vernda hluthafa, kröfuhafa og samfélagið í heild gegn hættu á tapi og óæskilegri stjórnun félaga. Atvinnurekstrarbann fæli í sér bann við að stofna eða stjórna félagi með takmarkaða ábyrgð í tiltekinn tíma, en ekki almennt bann

við aðkomu að viðskiptarekstri. Tilgangur atvinnurekstrarbanns eftir gjaldþrotaskiptalögum og refsing í sakamáli hefðu ekki aðeins ólíkan tilgang heldur væru þau ólík í eðli sínu. Var það því niðurstaða dómsins að ekki hefði verið brotið gegn ákvæðinu.

18. Í máli því sem hér er til úrlausnar liggur ekkert fyrir um það hvort varnaraðili hafi verið ákærður fyrir einhverja þá háttsemi sem skiptastjóri vísar til í rökstuðningi sínum fyrir því að skilyrði atvinnurekstrarbanns séu fyrir hendi og varða rekstur C ehf., hvað þá heldur að varnaraðili hafi þegar verið dæmdur til refsingar vegna þess. Af þeirri ástæðu eru að mati dómsins ekki forsendur til þess að taka afstöðu til þess hvort álagning slíks banns fari gegn reglunni um bann við tvöfaldri refsingu sem varnaraðili vísar til. Þá verður og með vísan til nefnds úrskurðar Mannréttindadómstólsins hafnað öllum málsástæðum varnaraðila er lúta að því að um refsikennd viðurlög sé að ræða er lúta beri sömu reglum og ákvörðun refsingar endranær, enda skilyrði atvinnurekstrarbanns að íslenskum rétti sambærileg þeim sem fjallað var um í nefndum úrskurðum hvað þetta snertir.
19. Í erindi skiptastjóra, sem stutt er gögnum, kemur fram að á því tímamarki er félagið C ehf. var tekið til skipta hafi skuld félagsins samkvæmt kröfulýsingu Skattsins numið 274.444.497 krónum. Þrátt fyrir að krafan byggji á áætlunum verður til þess litið sem varnaraðili sagði sjálfur í skýrslu sinni fyrir dómi, að félagið hefði haft 24 starfsmenn í vinnu sem hefðu unnið mikla vinnu. Sömuleiðis kannaðist varnaraðili við að hafa sjálfur verið með um og yfir 5 milljónir í mánuði í laun frá félaginu, en kvað tekjur félagsins þó ekki hafa dugað fyrir launum eða kostnaði af rekstrinum. Þá kvaðst varnaraðili hafa gert samning við Skattinn en ekki hefði gengið að greiða samkvæmt því samkomulagi. Þá kvað varnaraðili bókhald hafa verið fært að einhverju leyti, hvað varði staðgreiðslu og virðisaukaskatt, bókari hefði verið beðinn um að gera það. Í tölvupósti sem varnaraðili lagði sjálfur fram og stafar frá M ehf. og dagsettur er 16. maí sl. kemur fram að þar hafi verið útbúnir launaseðlar og skilagreinar sem sendar hafi verið á Skattinn og líffeyrissjóði, og verður því af framansögðu ætlað að áætlanir og skilagreinar kröfulýsenda í þrotabúið byggji á þeim gögnum.
20. Á hitt ber þó einnig að líta að framburður varnaraðila fyrir dómi var ekki í samræmi við það sem fram kom í skýrslugjöf hans hjá skiptastjóra. Þar bar varnaraðili að ekkert bókhald hefði verið haldið hjá félaginu. Þá liggur fyrir að varnaraðili var tregur til skýrslugjafar hjá skiptastjóra og ósamvinnuþýður við skiptin þrátt fyrir lagaskyldu til annars. Hefur varnaraðili sem dæmi ekki skilað bókhaldsgögnum. Er þessi framganga varnaraðila ekki til þess fallin að auka á trúverðugleika framburðar hans. Þá hefur varnaraðili undir rekstri þessa máls ekki gert neinn reka að því að sýna fram á réttmæti staðhæfinga sinna, ekki sýnt fram á að samkomulag hafi verið gert við Skattinn eða lagt fram gögn úr bókhaldi félagsins er kunni að sýna fram á að áætlanir Skattsins eigi ekki við rök að styðjast. Þá kemur og fram í öðrum tölvupósti frá M, dags. 21. ágúst 2023, að varnaraðili hafi aðeins afhent þar tvær litlar möppur sem innihaldi útskrift úr sölukerfi, sem varnaraðili hafi sjálfur gert í konto.is, og út frá tölvupóstum frá varnaraðila vegna launagreiðslna. Að öllu framansögðu virtu verður að telja ósannað að varnaraðili hafi í reynd haldið bókhald fyrir félagið eða séð til þess að bókhald væri fært.
21. Samkvæmt framlagðri kröfuskra hafa skiptastjóri samþykkt kröfur líffeyrissjóða í búið er samtals nema 34.105.912 krónum. Heildarfjárhæð lýstra krafna í þrotabú C ehf. nemur 308.697.473 krónum. Eins og áður var rakið kvaðst varnaraðili hjá skiptastjóra ekki hafa haldið bókhald fyrir félagið utan þess að vinur hans hafi séð um launaseðla og skilagreinar. Þá kemur fram í þeirri skýrslu að varnaraðili hafi neitað að gefa skýringar á rúmlega 215 milljóna króna úttektum á 10 mánaða tímabili af reikningum félagsins og inn á reikninga varnaraðila. Þá kvað varnaraðili hjá skiptastjóra félagið ekki hafa neina birgja. Fyrir dómi kvað varnaraðili þessar úttektir hafa verið laun til sín, í samræmi við skattframtöl, en einnig til greiðslu reikninga og til verktaka. Kvað varnaraðili þann greiðsluhátt að greiða með reiðufé nauðsynlegan þar sem sumir verktakar fengju ekki að opna bankareikninga. Aðspurður hvort kvittanir væru til fyrir þessum greiðslum kvað varnaraðili þær geta verið í bókhaldi en hann væri ekki viss. Kvaðst varnaraðili hafa fært bókhald eftir sinni bestu getu. Þá kvað varnaraðili tilraunir sínar til að varna því að félagið færi í þrot hafa falist í því að semja við Skattinn um skuldir félagsins. Ekkert liggur þó fyrir um það samkomulag eða hvort eða hvernig varnaraðili reyndi þá að efna það samkomulag. Er því ekkert fram komið í málinu er renni

stoðum undir fullyrðingar varnaraðila um að hann hafi í reynd freistað þess að varna því að félagið færi í þrot.

22. Varnaraðili gegndi hlutverki stjórnarmanns og var prókúruhafi C ehf. og eini eigandi þess félags er hann stofnaði sjálfur [...] 2021. Frá þeim degi fór um ábyrgð hans í því hlutverki eftir ákvæðum laga um einkahlutafélag nr. 138/1994. Sú háttsemi bókhaldsskylds manns eða fyrirsvarsmanns lögaðila að færa ekki tilskilið bókhald eða varðveita ekki með fullnægjandi hætti fylgiskjöl og bókhaldsgögn telst ævinlega meiri háttar brot gegn lögum, sbr. 37. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald, og verður að telja ábyrgðarlaust. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins eða framburði varnaraðila fyrir dómi að varnaraðili hafi á þeim tíma er hann rak félagið freistað þess að færa rekstur þess í rétt horf. Þvert á móti virðist sem varnaraðili hafi í reynd séð til þess að þeir fjármunir sem voru á reikningum félagsins rynnu til hans sjálfs í formi tekna og óútskýrðra greiðslna, en staðhæfingar hans um að hann hafi nýtt peninga, sem óumdeilt er að hann tók af reikningum félagsins, til greiðslu kostnaðar af rekstri eiga sér enga stoð í gögnum, enda engu bókhaldi fyrir að fara. Hefur varnaraðili þannig með vítaverðum hætti virt að vettugi skyldur sínar sem fyrirsvarsmáður félagsins.
  23. Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er það mat dómsins að háttsemi varnaraðila við rekstur C ehf. ein og sér nægi til þess að fyrir hendi séu skilyrði 181. gr. laga nr. 21/1991 til þess að lagt verði atvinnurekstrarbann á varnaraðila. Þá verður ekki séð að rök standi til þess að bannið verði ákveðið skemmra en þrjú ár.
  24. Eftir ákvæðum 188. gr. laga nr. 21/1991 ber að ákvarða skiptastjóra þóknun vegna kröfunnar sem greiðist úr ríkissjóði. Með hliðsjón af umfangi málsins verður þóknun skiptastjóra, B lögmanns, hæfilega ákveðin 784.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Með sama hætti, og með vísan til 2. mgr. 186. gr. laga 21/1991 þykir rétt að þóknun skipaðs málsvara varnaraðila, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 784.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.
- Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### **Úrskurðarorð:**

Varnaraðili, A, sæti atvinnurekstrarbanni í þrjú ár frá uppkvaðningu úrskurðarins.

Þóknun skipaðs málsvara varnaraðila, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 784.000 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Þóknun sóknaraðila, B skiptastjóra, 784.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.